



Reykjavík, 17. janúar 2019  
SFS2018110077  
152. fundur  
HG/sp/ss

Til skóla- og frístundaráðs

Frá Helga Grímssyni, sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs

***Efni: Svar við fyrirspurn skóla- og frístundaráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins varðandi stærð hjartarýmis hvers frístundaheimilis og félagsmiðstöðvar***

Á 147. fundi skóla- og frístundaráðs, 13. nóvember 2018 lögðu skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins fram svohljóðandi fyrirspurn:

*Fulltrúar Sjálfstæðisflokks í skóla- og frístundaráði óska eftir upplýsingum um stærð hjartarýmis hvers frístundaheimilis og félagsmiðstöðvar. Þá er einnig óskað eftir upplýsingum um fjölda barna sem skráður er í hvert frístundaheimili og hverja félagsmiðstöð.*

**Svar:**

Fjöldi barna sem eru skráð í frístundaheimili og sértækar félagsmiðstöðvar má sjá í meðfylgjandi töflu. Athugið að ekki er um formlegar skráningar að ræða í almennar félagsmiðstöðvar, en til viðmiðunar er hægt að skoða fjölda barna í 5. – 10. bekk í þeim grunnskólum sem viðkomandi félagsmiðstöð þjónar.

Í töflunni má sjá stærð hjartarýmis hvers frístundaheimilis og félagsmiðstöðvar.

Samkvæmt gátlistum um húsnæði frístundaheimila er miðað við að frístundaheimili hafi 1 m<sup>2</sup> á hvert barn í hjartarými og 4 m<sup>2</sup> í heildarými á hvert barn, sjá gátlista: [https://reykjavik.is/sites/default/files/gatlisti\\_um\\_husnaedi\\_fristundaheimila.pdf](https://reykjavik.is/sites/default/files/gatlisti_um_husnaedi_fristundaheimila.pdf)

Miðað er við að félagsmiðstöðvar hafi að lágmarki 60 m<sup>2</sup> hjartarými, sjá gátlista: [https://reykjavik.is/sites/default/files/gatlisti\\_um\\_husnaedi\\_felagsmidstodva\\_juni\\_2017\\_1.pdf](https://reykjavik.is/sites/default/files/gatlisti_um_husnaedi_felagsmidstodva_juni_2017_1.pdf)

Miðað er við að hjartarými í frístundastarfi fyrir fötluð börn og unglinga sé 3 m<sup>2</sup> á barn.

Í töflunni má sjá fjölda m<sup>2</sup> í hjartarými og er rauðmerkt það sem er undir ofangreindum viðmiðum, alls 15 starfsstaðir, sjö félagsmiðstöðvar og átta frístundaheimili. Í einhverjum tilfellum er hjartarými nægilegt en samnýtt rými vantar. Í öðrum tilfellum getur samnýtt rými verið nægjanlegt en of lítið eða ekkert hjartarými.

Samantekt vegna fyrirspurnar fulltrúa Sjálfstæðisflokks í skóla- og frístundaráði um stærð hjartarýmis hvers frístundaheimilis og félagsmiðstöðvar auk barna sem eru skráð í hvert frístundaheimili og hverja félagsmiðstöð.

Athugið að hér eru eingöngu tilteknir fermetrar í hjartarými sem er það rými sem frístundaheimili og félagsmiðstöðvar hafa fyrir sig og ef skóli eða aðrir vilja nýta rýmið þarf leyfi forstöðumanns fyrir því. Í tilfellum þar sem frístundastarf hefur lítinn aðgang að samnýttu rými getur því skort upp á húsnæði þó svo að hjartarýmið sé nægjanlegt.

Miðað er við að frístundaheimili hafi 1 m<sup>2</sup> á hvert barn í hjartarými og 4 m<sup>2</sup> í heildarrými á hvert barn, sjá gátlista:  
[https://reykjavik.is/sites/default/files/gatlisti\\_um\\_husnaedi\\_fristundaheimila.pdf](https://reykjavik.is/sites/default/files/gatlisti_um_husnaedi_fristundaheimila.pdf)

Miðað er við að félagsmiðstöðvar hafi að lágmarki 60 m<sup>2</sup> hjartarými, sjá gátlista:  
[https://reykjavik.is/sites/default/files/gatlisti\\_um\\_husnaedi\\_felagsmidstodva\\_juni\\_2017\\_1.pdf](https://reykjavik.is/sites/default/files/gatlisti_um_husnaedi_felagsmidstodva_juni_2017_1.pdf)

Miðað er við að hjartarými í frístundastarfi fyrir fötluð börn og unglinga sé 3 m<sup>2</sup> á barn

**Litamerkingar:**

	Hjartarými nægjanlegt
	Upplýsingar vantar
	Hjartarými ekki nægjanlegt

Frístundamiðstöð	Starfsstaður	Fjöldi skráðra barna (tölur frá 18. nóv)	Staðsetning - heimilisfang	Hjartarými frístundaheimilis / félagsmiðstöðvar	Athugasemdir framkvæmdastjóra v. húsnæðis
Tjörnin	Frístundamiðstöðin Tjörnin (Frostaskjól)		Frostaskjól 2		

Frístundamiðstöð	Starfsstaður	Fjöldi skráðra barna (tölur frá 18. nóv)	Staðsetning - heimilisfang	Hjartarými frístundaheimilis / félagsmiðstöðvar	Athugasemdir framkvæmdastjóra v. húsnæðis
	Frosti - Félagsmiðstöð (Hagaskóli, Grandaskóli, Melaskóli, Vesturbæjarskóli, Tjarnarskóli og Landakotsskóli)		Fornhaga 1	55	Hagaskóli er einn af þeim skólum sem eru í vinnslu varðandi húsnæði. Það sama á við um Frosta. Frosti fyrir 13-16 ára er að hluta til í kjallara skólans í rými sem hentar ekki. Eru svo að hluta til í Frostaskjóli 2 sem hefur leyfi fyrir 150 manns en í skólanum eru 588 unglingar. Starf Frosta fyrir 10-12 ára fer fram í Frostaskjóli 2 og þar er sama vandamálið, rýmið er of lítið og hentar ekki starfseminni.
	Undraland - Frístundaheimili Grandaskóla	103	Keilugranda 12	118	
	Selið - Frístundaheimili Melaskóla	134	Hagamel 1	100	Til viðbótar við hjartarými eru 2 stofur sem eru nýttar af skólanum á morgnana. Melaskóli er einn af þeim 5 skólum sem eru í vinnslu varðandi húsnæðisskort. Það sama á við um frístundaheimilið.

Frístundamiðstöð	Starfsstaður	Fjöldi skráðra barna (tölur frá 18. nóv)	Staðsetning - heimilisfang	Hjartarými frístundaheimilis / félagsmiðstöðvar	Athugasemdir framkvæmdastjóra v. húsnæðis
	Skýjaborgir - Frístundaheimili Vesturbæjarskóla	88	Vesturvallagötu 10	45	Tryggja þarf að staðið verði við það að lagfæra Vesturvallagötu þar sem starfsemi Skýjaborga fer fram.
	Frostheimar - safnfrístundaheimili	276	Frostaskjóli 6	925	
	10. bekkur grunnskólar vestan Elliðaáa)	26	Þorragötu 3	200	
	100 og 1 - félagsmiðstöð Austurbæjarskóla		Vitastíg	220	
	100 og 5 - félagsmiðstöð Háteigsskóla		Háteigsvegi	0	Háteigsskóli er einn af þeim skólum sem eru í vinnslu varðandi húsnæði og það sama á við um félagsmiðstöðina 105
	Gleðibankinn - félagsmiðstöð Hlíðaskóla		Hamrahlíð 2	0	Ekkert sérrými félagsmiðstöðvar
	Draumaland - frístundaheimili Austurbæjarskóla	124	Vitastíg	255	Austurbæjarskóli er einn af þeim skólum sem er í vinnslu varðandi betra húsnæði. Það sama á við um Draumaland.

Frístundamiðstöð	Starfsstaður	Fjöldi skráðra barna (tölur frá 18. nóv)	Staðsetning - heimilisfang	Hjartarými frístundaheimilis / félagsmiðstöðvar	Athugasemdir framkvæmdastjóra v. húsnæðis
	Halastjarnan - frístundaheimili Háteigsskóla	150	Háteigsvegi	360	Háteigsskóli er einn af þeim skólum sem eru ívinnslu varðandi húsnæði, það sama á við um Halastjörnu.
	Eldflaugin - frístundaheimili Hlíðaskóla	159	Hamrahlíð 2	274	Mjög þröngt og skortur á rými f. 3. og 4. bekk.
<b>Kringlumýri</b>	<b>Frístundamiðstöðin Kringlumýri</b>		Safamýri 28		
	Tónabær - félagsmiðstöð Háaleitisskóli		Safamýri 28	290	
	Próttheimar - félagsmiðstöð Langholtsskóli		Holtavegi 11	244	
	Bústaðir - félagsmiðstöð (Réttarholtsskóli, Breiðagerðisskóli og Fossvogsskóli)		Tunguvegi 25	327	Húsnæðið hentar starfseminni ekki þó fermetrar séu nægir
	Laugó - félagsmiðstöð Laugarlækjarskóla		Laugalæk	95	Mjög þröngt er um starfsemina þó hjartarými sé meira en 60 m2
	Buskinn - félagsmiðstöð v. Vogaskóla		Skeiðarvogi	19	Hjartarými er of lítið miðað við fjölda barna og unglinga. Samnýting er flókin vegna legu rýma í skólanum.

Frístundamiðstöð	Starfsstaður	Fjöldi skráðra barna (tölur frá 18. nóv)	Staðsetning - heimilisfang	Hjartarými frístundaheimilis / félagsmiðstöðvar	Athugasemdir framkvæmdastjóra v. húsnæðis
	Dalheimar - safnfrístundaheimili	146	Holtavegi 32	273	
	Álftabær - frístundaheimili Háaleitisskóli-Mýri	94	Safamýri 28	270	
	Sólbúar - frístundaheimili Breiðagerðisskóla	166	Breiðagerði 20	414	
	Neðstaland - frístundaheimili	150	Haðalandi 26	47	Hjartarými of lítið miðað við fjölda barna. Húsnæði skólans er sprungið því er líka vöntun á samnýttu rými.
	Krakkakot - frístundaheimili Háaleitisskóla Leiti	82	Stóragerði	164	
	Glaðheimar - frístundaheimili Langholtsskóla	124	Holtavegi 11	349	
	Laugarsel - frístundaheimili Laugarnesskóla	157	Kirkjuteigi 24	242	
	Vogasel - frístundaheimili Vogaskóla	107	v/Skeiðarvog	342	
	(Börn 1. - 4. bekkur sem eru í Klettaskóla)	54	Vesturhlíð 3	497	
	og unglingar í 5. - 10. bekk Klettaskóla)	63	Safamýri 5	520	

Frístundamiðstöð	Starfsstaður	Fjöldi skráðra barna (tölur frá 18. nóv)	Staðsetning - heimilisfang	Hjartarými frístundaheimilis / félagsmiðstöðvar	Athugasemdir framkvæmdastjóra v. húsnæðis
<b>Gufunesbær</b>	<b>Frístundamiðstöðin Gufunesbær</b>		Gufunesvegi		
	Fjörgyn - félagsmiðstöð Foldaskóla (Foldaskóli, Hamraskóli og Húsaskóli)		Logafold 1	49	
	Sigyn - félagsmiðstöð Rimaskóla		Rósarima	0	Hugmyndin með breytingu á tónmenntastofunni gengur út á að setja milliloft í stofuna en með því móti er hægt að búa til hjartarými og koma betur til móts við klúbbastarf og að aðgreina setustofu frá spila og leiksvæði.
	Dregyn - félagsmiðstöð Vættaskóla Engi		Vallengi 14	125	

Frístundamiðstöð	Starfsstaður	Fjöldi skráðra barna (tölur frá 18. nóv)	Staðsetning - heimilisfang	Hjartarými frístundaheimilis / félagsmiðstöðvar	Athugasemdir framkvæmdastjóra v. húsnæðis
	Púgyn - félagsmiðstöð Kelduskóla (Vík)		Hamravík 10	0	Aðstöðuleysi háir starfseminni og það vantar sárlega hjartarými til að bjóða upp á notanlega aðstöðu fyrir börnin og unglिंगana.
	Hvergiland - frístundaheimili Vættaskóli- Borgir	40	Vættaborgum 9	180	
	Brosbær - frístundaheimili Vættaskóli- Engi	70	Vallengi 14	136	
	Regnbogaland - frístundaheimili Foldaskóla	96	Logafold 1	129	
	Simbað - frístundaheimili Hamraskóla	79	Hlaðhömrum 52	299	
	Kastali - frístundaheimili Húsaskóla	66	Dalhúsum 41	192	



Frístundamiðstöð	Starfsstaður	Fjöldi skráðra barna (tölur frá 18. nóv)	Staðsetning - heimilisfang	Hjartarými frístundaheimilis / félagsmiðstöðvar	Athugasemdir framkvæmdastjóra v. húsnæðis
	Ævintýraland - frístundaheimili Kelduskóli-Korpa	34	Bakkastaðir 2	50	
	Tígrisbær - frístundaheimili Rimaskóla	135	Rósarima	286	
	Galdraslóð - frístundaheimili Kelduskóla -Vík	95	Hamravík 10	57	Aðstöðuleysi háir starfseminni og erfiðlega gengur að halda utan um starfið þar sem það er staðsett á mörgum stöðum í skólarýminu. Hjartað er helmingi minna en það á að vera skv rýmissamningi frístundaheimila.
	Höllin - sértæk félagsmiðstöð Egilshöll	25	Egilshöll		

Frístundamiðstöð	Starfsstaður	Fjöldi skráðra barna (tölur frá 18. nóv)	Staðsetning - heimilisfang	Hjartarými frístundaheimilis / félagsmiðstöðvar	Athugasemdir framkvæmdastjóra v. húsnæðis
<b>Miðberg</b>	<b>Frístundamiðstöðin Miðberg</b>		Gerðuberg 1		
	111 - félagsmiðstöð		Gerðuberg 1	393	Já, leki og mygla
	Hólmasel - félagsmiðstöð		Hólmaseli 4-6	321	
	Bakkinn - félagsmiðstöð Breiðholtsskóla		Arnarbakka 1-3	49	
	Bakkasel - frístundaheimili Breiðholtsskóla	105	Arnarbakka 1-3	188	
	Álfheimar - frístundaheimili Hólabrekkuskóla	103	Suðurhólum 10	126	
	Vínasel - frístundaheimili Seljaskóla	113	Kleifarseli 28	217	
	Vínaheimar - frístundaheimili Ölduselsskóla	85	Ölduseli 17	99	
	Hraunheimar - safnfrístundaheimili	71	Hraunbergi 12	110	
	Regnboginn - safnfrístundaheimili	106	Hólmaseli 4-6	174	
	Hellirinn - sértæk félagsmiðstöð	21	Kleifarseli 18	127	

Frístundamiðstöð	Starfsstaður	Fjöldi skráðra barna (tölur frá 18. nóv)	Staðsetning - heimilisfang	Hjartarými frístundaheimilis / félagsmiðstöðvar	Athugasemdir framkvæmdastjóra v. húsnæðis
Ársel	Frístundamiðstöðin Ársel		Rofabæ 30		
	Tían - félagsmiðstöð (Árbæjarskóli, Selásskóli og Ártúnsskóli)		Rofabæ 30	120	
	Fókus - félagsmiðstöð (Sæmundarskóli, Ingunnarskóli og Dalskóli)		Kirkjustétt 2-6	130	Rýmið að fullu samnýtt með frístundaheimili og því þröngt um bæði frístundaheimili og félagsmiðstöð
	Holtið - félagsmiðstöð (Norðlingaskóli)		Norðlingabraut 12	770	
	Töfrasel - frístundaheimili Árbæjarskóla	151	Rofabæ 30	121	þarf að skoða, lítið hjartarými, verið að leigja 120 fm til viðbótar af Fylki
	Stjörnuland - frístundaheimili Ingunnarskóla	88	Kirkjustétt 2-6	85	Rýmið að fullu samnýtt með félagsmiðstöð og því þröngt um bæði frístundaheimili og félagsmiðstöð
	Víðisel - frístundaheimili Selásskóla	71	Selásbraut 109	120	
	Fjósið - frístundaheimili Sæmundarskóla	147	Gvendargeisla 168	240	Samnýting með skóla þó afar lítil og því þröngt um frístund.
<b>Rekið af grunnskólum</b>					

Frístundamiðstöð	Starfsstaður	Fjöldi skráðra barna (tölur frá 18. nóv)	Staðsetning - heimilisfang	Hjartarými frístundaheimilis / félagsmiðstöðvar	Athugasemdir framkvæmdastjóra v. húsnæðis
	Flógyn - félagsmiðstöð Klébergsskóla		Kollagrund 2, Kjalarnesi	80	
	Vinafell frístundaheimili Fellaskóla	27	Norðurfelli 17-19		
	Skólasel frístundaheimili Ártúnsskóla	79	Árkvörn 6	60	
	Kátakot - frístundaheimili Klébergsskóla	34	Kollagrund 2, Kjalarnesi	175	
	Klapparholt frístundaheimili Norðlingaskóla	183	Árvaði 3	171	
	Úlfabyggð frístundaheimili Dalskóla	89	Úlfarsárbraut 118-120	180	